

Tillögur C-nefndar að texta í áfangaskjal¹

með skýringum²

Lagt fram til afgreiðslu á 14. fundi Stjórnlagaráðs 24. júní 2011


Kosningar til Alþingis og alþingismenn

1. gr. Fyrirkomulag kosninga til Alþingis

Tillaga C-nefndar	Skýrsla stjórnlaganefndar	Stjórnarskráin / (A)
<p>Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir af framboðslistum í leynilegri kosningu til fjögurra ára.</p> <p>Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.</p> <p>Kjósendur geta annaðhvort valið með persónukjöri hvaða frambjóðendur á landinu sem er óháð því hvort þeir bjóða sig fram á kjördæmalistum eða á landslistum eða einstaka framboðslista og teljast þá greiða öllum frambjóðendum listans atkvæði sitt. Framboðum er heimilt að bjóða fram 2 til 126 frambjóðendur hvert á landinu öllu.</p> <p>Kjördæmin skulu vera fæst eitt en flest átta.</p> <p>Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta, þó aldrei fleiri en 2/5 þeirra, sé</p>	<p>Dæmi B</p> <p>Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn kosnir leynilegri kosningu.</p> <p>30 þingmenn skulu kosnir til sex ára í senn í hlutbundinni kosningu um land allt í einu lagi. Við kosningu skal kjósenda vera heimilt að kjósa hvort heldur lista stjórnmalasamtaka eða einstaka frambjóðendur. Framboðslisti skal hafa minnst 1500 meðmælendur en mest 3000.</p> <p>30 þingmenn skulu kosnir til fjögurra ára í senn í kjördæmum sem hér segir: [Gert er ráð fyrir um 12 einmennings- eða tvímenningskjördæmum samkvæmt nánari ákvörðun Stjórnlagabings eða Alþingi taki um þetta ákvörðun með auknum meirihluta.]</p> <p>Vægi atkvæða við landskjör</p>	<p>Stjórnarskrá / Dæmi A</p> <p>Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.</p> <p>Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni.</p> <p>Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. mgr.</p> <p>Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmalasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu</p>

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrir en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt/undirstrikað letur gefur til kynna breytingu frá tillögum stjórnlaganefndar.



<p><u>bundinn kjördæmum. Skipting bundinna þingsæta skal vera þannig að ekki séu færri kjósendur á kjörskrá að baki hverju bundnu þingsæti en nemur meðaltali að baki allra þingsæta.</u></p> <p><u>Í lögum skal veita framboðum heimild til að tryggja að hlutfall karla og kvenna meðal þeirra sem ná kjöri af þeirra listum sé sem jafnast.</u></p> <p>Breytingar á kjördæmumörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.</p>	<p>svo og kosningu innan hvers kjördæmis skal vera jafnt.</p> <p>Nánari reglur um kosningar til Alþingis þ. á m. aukakosningar í kjördæmi, fyrirkomulag kosninga og kjördæmamörk, skulu settar með lögum.</p>	<p>samræmi við heimildar- atkvæðatölu sína. Þau stjórnmalasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.</p> <p>Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyriræli um þetta í lög.</p> <p>Breytingar á kjördæmumörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.</p>
---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Skýring:


Almennt um ákvæðið: Greinin setur ramma um kosningakerfi sem kalla má kjördæmakjörið landskjör. Gengið er út frá eftirfarandi forsendum:

- Þingmenn eru almennt kosnir á landsvísu en þó má binda allt að 2/5 hluta (þ.e.a.s. allt að 25 þingmenn) við tiltekin kjördæmi.
- Þingmenn eru kosnir með persónukjöri, þar sem heimilt er að kjósa bæði þvert á lista, og þvert á kjördæmi.

Dæmi um nánari útfærslu kerfisins er að finna aftast í viðauka. Útfærslunni er ætlað að eiga heima í kosningalögum, ekki í stjórnarskrá.

Nokkur atriði eru enn til sérstakrar athugunar.

- Í fyrsta lagi hvort að setja eigi sérstaka þröskulda sem framboð þarf að ná til að eiga rétt á að fá kjörna þingmenn. Sé slíkt ákvæði ekki inni er ekki hægt að setja slíka þröskulda í almenn lög.
- Hvort taka eigi fram að kosningin skuli vera hlutbundin (eða hlutfallskosning). Hugsanlegt er að án þess að slíkt sé tiltekið opnast möguleiki á því settar verði úthlutunarreglur sem umbuni mjög stórum framboðum. Á móti gætu sumir talið að slík skilyrði útilokuðu aðferðir eins og STV.
- Að hve miklu leyti eigi að útlista athöfn kjósanda í stjórnarskrá, sbr. 3. mgr. 1. gr. kaflans.



Nánari skýringar við einstaka málsgreinar:

1. mgr.

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir af framboðslistum í leynilegri kosningu til fjögurra ára.

(Fjöldi) Nefndin gerir ráð fyrir óbreyttum þingmannafjölda, þ.e.a.s. að þeir verði áfram 63. Ekki þótti ástæða til að fækka þingmönnum í ljósi þess aukna hlutverks sem þinginu er ætlað.

(Þjóðkjör) Með þjóðkjörnum þingmönnum er átt við að þingmenn skuli kosnir beint, í almennum kosningum.

(Framboðslistar) Hér er áréttað að frambjóðendur raði sér á framboðslista en bjóða sig ekki einungis fram sem einstaklingar. Framboðslistarnir geta verið mislangir, þeir geta enn fremur bæði verið kjördæmislistar sem og landslistar.

(Kjörtímabil) Áfram er bundið í stjórnarskrá að þingmenn skulu kosnir til fjögurra ára í senn. Þetta hindrar ekki það að þingmenn missi þingsæti sitt við þingrof, eða önnur tilfelli sem stjórnarskráin tilgreinir.

Einnig var rætt um hvort nauðsynlegt væri að tiltaka að kosningin ætti að vera hlutfallskosning. Með þessu er átt við þá almennu reglu að ef hluti kjósenda, t.d. 10%, kýs með tiltekinn hóp frambjóðenda eigi almennt um það bil 10% þingmanna að koma úr þeim frambjóðendahópi. Slíkt ákvæði myndi útiloka svokallaðar meirihlutakosningar, þar sem meirihluti kjósenda getur valið *alla* þingmenn. Hins vegar gæti það einnig útilokað kosningaaðferðir í ætt við STV.

2. mgr.

Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.


Um er að ræða efnislega nýja málsgrein sem kveður á um að atkvæðavægi alls staðar á landinu skuli vera það sama. Almennt ber að túlka umrædda grein þannig að ákveðin reikniskekka sé áfram heimil enda sé hún óhjákvæmileg, til dæmis ef skipta ætti sex þingsætum á tvö kjördæmi, eitt sem hefði 3001 kjósenda og annað sem hefði 2999 kjósendur, væri ekki unnt að skipta þingsætunum öðruvísi en að hvort fengi þrjú þingsæti. Þá mætti færa fyrir því rök að atkvæðavægi í seinna kjördæminu væri örlítið meira. Hér er ekki átt við slíka stærðfræðilega skekkju heldur að engum kjósenda sé fyrirfram úthlutað kerfisbundið meira vægi en öðrum, umfram það sem leiðir af hefðbundinni námundunar skekkju við úthlutun þingsæta á kjördæmi.

Athuga ber þó að þær málsgreinar greinarinnar sem síðar gera ráð fyrir að öllum kjósendum á landinu standi allir frambjóðendur landsins til boða. Í þeim útfærslum sem sýndar eru í Viðauka eru því öll atkvæði, alls staðar á landinu, í grunninn eins, og vega því jafnt, þótt kjörseðlarnir líti misjafnlega út milli kjördæma. Kjósendur eru því ekki jafnbundnir við kjördæmin og áður. Af því leiðir að kjósendur alls staðar á landinu standa andspænis sömu valkostum og því er atkvæðavægi þeirra allra sannarlega jafnt, í þeim kerfum.

3. mgr.

Kjósendur geta annaðhvort valið með persónukjöri hvaða frambjóðendur á landinu sem er óháð því hvort þeir bjóða sig fram á kjördæmalistum eða á landslistum eða einstaka framboðslista og teljast þá greiða öllum frambjóðendum listans atkvæði sitt. Framboðum er heimilt að bjóða fram 2 til 126 frambjóðendur hvert á landinu öllu.

Í málsgreininni felst ítarleg skylda til að kosningalögin heimili kjósenda í fyrsta lagi að velja frambjóðendur af lista fleiri en einna samtaka og, í öðru lagi, að kjósandi geti jafnt valið frambjóðendur í sínu eigin kjördæmi sem og frambjóðendur af landslista eða úr öðrum kjördæmum. Í þessu felst reginmunur á því kerfi og því sem nú er við lýði, þar sem kjósendur geta aðeins merkt við frambjóðendur eins lista og geta ekki kosið menn utan þeirra eigin kjördæmis.



Þá er einnig áréttáð að kjósendur geti eftir sem áður merkt við einn framboðslista, annaðhvort kjördæmalista eða landslista og teljast þeir þá greiða öllum frambjóðendum listans atkvæði sitt.

Í seinasta málslið er tekið fram að hver framboðslisti geti boði 2 til 126 frambjóðendur á landinu öllu samanlagt. Þetta bindur þá hendur löggjafans með þeim hætti að ekki verður unnt að krefjast að allir listar hafi að lágmarki ákveðinn fjölda frambjóðenda t.d. 63. Gert er ráð fyrir að ef framboð fær fylgi umfram fjölda frambjóðenda þá komi þau þingsæti sem framboðið ætti að öllu óbreyttu rétt á í hlut næstu framboða í samræmi við kosningalög. Sama gildir um varamenn þeirra þingmanna sem kosnir eru af framboðslistum framboða sem buðu fram „of fámenna“ lista.

4. mgr.

Kjördæmin skulu vera fæst eitt en flest átta.

Ákvæðið skýrir sig að mörgu leyti sjálf en það heimilar að landinu sé skipt upp í allt að átta kjördæmi. Útfærsla í viðauka gerir ráð fyrir að þau verði fimm. Þá væri einnig heimilt að gera landið að einu kjördæmi, í því tilfalli myndi ekki reyna á málsgreinar um bundnu þingsætin.

5. mgr.

Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta, þó aldrei fleiri en 2/5 þeirra, sé bundinn kjördæmum. Skipting bundinna þingsæta skal vera þannig að ekki séu færri kjósendur á kjörskrá að baki hverju bundnu þingsæti en nemur meðaltali að baki allra þingsæta.

Hér er löggjafanum veitt sú heimild að binda allt að 2/5 þingsæta við ákveðin kjördæmi. Sé miðað við að þingmenn verði 63 veitir þetta þá heimild til að binda 25 þingmenn í ákveðnum kjördæmum. Vel ber að merkja að umrædd þingsæti eru hugsuð sem lágmarkstrygging. Ekkert hindrar að úr kjördæmi með 5 bundnum þingsætum veljist 6, 7, 8 eða fleiri þingmenn, ef kjósendur á landinu kjósa að veita þeim frambjóðendum sem boðið hafa sig fram í kjördæminu brautargengi.

Síðari málsliður tryggir að bundnu sætin í hverju kjördæmi standi sannarlega undir sér. Sé ákveðið kjördæmi til dæmis með 10% allra kjósenda landsins, getur það í mesta lagi fengið 10% allra þingsæta sem bundin sæti. Þar sem $63 \cdot 10\% = 6,3$ þá mætti í mesta lagi binda 6 þingsæti í slíku kjördæmi. Hér er aftur vísað í dæmið í viðauka til frekari glöggvunar.


6. mgr.

Í lögum skal veita framboðum heimild til að tryggja að hlutfall karla og kvenna meðal þeirra sem ná kjöri af þeirra listum sé sem jafnast.

Málsgreinin skyldar löggjafann til að setja í kosningalög ákvæði sem tryggðu það að framboð gæti, til dæmis með sérstakri yfirlýsingu til landskjörstjórnar, farið fram á að þingsætum til frambjóðenda þess væri úthlutað jafnt til karla og kvenna, þótt svo það kynni að þýða að á einhverju stigi málsins væri einn frambjóðandi framboðsins tekinn fram fyrir annan, á grundvelli kyns.

Töluverður árangur hefur náðst í þeirri viðleitni að auka hlut kvenna á þingi með þeim aðferðum sem rúmast innan núverandi kosningakerfis, til dæmis fléttulistum. Ljóst er að með auknu persónukjöri minnkar vald framboðanna til að ákveða hverjir veljast til þingsetu fyrir þeirra hönd, þar með einnig til þess að líta til kynjasjónarmiða við uppsetningu á bundnum listum. Margir ráðsmenn telja að með þessu sé hætta á að bakslag komi í þá baráttu að fjölga konum í kjörnum embættum. Aðrir eru annars sinnis.

Rætt var um það í ráðinu hvort unnt væri að setja ákvæði sem skylduðu löggjafann til að tryggja sem jafnast hlutfall karla og kvenna meðal þeirra sem næðu kjöri. Nefndin taldi ekki ástæðu til að ganga svo langt. Slíkt ákvæði myndi þá líklegast ganga lengst allra stjórnarskrárákvæða í Evrópu, en tvö Evrópuríki eru með sambærileg ákvæði. Í Frakklandi er skyldan til að stuðla að sem jöfnustu kynjahlutfalli meðal frambjóðenda lögð á stjórnmalaflokka og styrkir til þeirra lækkaðir ef þeir fylgja ekki ákveðnum viðmiðum í þeim efnunum. Í Serbíu er skylda til að tryggja ákveðið hlutfall karla og kvenna meðal frambjóðenda á listum. Í hvorugu tilfallinu er einstaklingum mismunað á grundvelli kyns í úthlutunarferlinu sjálfu.



Ákvæði sem heimilaði að litið væri framhjá frambjóðendum eins kyns við úthlutun þingsæta, væru þeir orðnir of margir, eða sem heimilaði það að viðbótarþingsætum væri bætt við til að jafna hlutföllin, líkt og heimilt var að gera í kosningum til stjórnlagabings, hefði það í för með sér að einhver einstaklingur gæti lent í því að missa þingsæti sitt vegna kyns. Óljóst er hvort slík, varanleg og stjórnskrárbundin, tilhögun stæðist jafnréttisákvæði stjórnskrárinnar og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Þess í stað var farin sú leið að framboðin sjálf geti ákveðið að tryggja sem jafnast hlutfall með sinna kjörnu fulltrúa. Sú leið þykir ganga upp enda er um að ræða tímabundna ráðstöfun (fyrir hverjar kosningar) auk þess sem hún er valkvæð fyrir framboðin og þar með þurfa frambjóðendurnir sjálfir að veita henni samþykki sitt með einhverjum hætti þegar þeir taka sæti á framboðslistanum.

7. mgr.

Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.

Óbreytt málsgrein frá núverandi stjórnskrá.

2. gr. Styrkir til stjórnmalasamtaka


Tillaga C-nefndar	Skýrsla stjórnlaganefndar	Stjórnskráin
Upplýsingar um framlög til stjórnmalasamtaka og frambjóðenda sem bjóða fram í almennum kosningum skulu vera aðgengilegar almenningi svo fljótt sem audið er .	Dæmi B Upplýsingar um styrki til stjórnmalasamtaka sem bjóða fram í alþingiskosningum skulu verða aðgengilegar almenningi.	

Skýring:

Greinin er byggð á tillögu stjórnlaganefndar en með breytingum, að greinin nái einnig til frambjóðenda. Sama er talið gilda um skipulögð samtök sem taka þátt í umræðu um málefni sem fer í þjóðaratkvæðagreiðslu eða sambærilega svæðisbundna atkvæðagreiðslu.

3. gr. Kosningaréttur

Tillaga C-nefndar	Skýrsla stjórnlaganefndar	Stjórnskráin
Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu	Dæmi A og B Samhljóða 33. gr. Dæmi B sleppir hins vegar 2. mgr.	33. gr. Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu



verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis. Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.		verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis. Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.
---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Skýring:

Óbreytt ákvæði frá núgildandi stjórnarskrá. Rætt var um hvort veita ætti löggjafanum heimild til að veita fleirum en íslenskum ríkisborgurum færi á þátttöku í alþingiskosningum en ekki ákveðið að gera svo að sinni.

4. gr. Kjörgengi

Tillaga C-nefndar	Skýrsla stjórnlaganefndar	Stjórnarskráin / (A)
Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.	Dæmi A og B Samhljóða 34. gr.	34. gr. Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.

Skýring:


Óbreytt frá núgildandi stjórnarskrá og tillögum stjórnlaganefndar.

5. gr. Alþingiskosningar

Tillaga C-nefndar	Skýrsla stjórnlaganefndar	Stjórnarskráin
Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Kjörtímabil er fjögur ár. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.	Dæmi A og B Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Kjörtímabil er fjögur ár. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.	45. gr. Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.

Skýring:

Óbreytt frá tillögu stjórnlaganefndar.



Viðauki: Dæmi um útfærslur í kosningalögum

Kjördæmi

Þingsæti eru 63 og skiptast þannig:

Norðvesturkjördæmi	5 þingsæti
Norðausturkjördæmi	5 þingsæti
Suðurkjördæmi	5 þingsæti
Suðvesturkjördæmi	5 þingsæti
Reykjavíkurborg	5 þingsæti

Öðrum þingsætum, 38 að tölu, skal úthlutað á landsvísu á grundvelli kosningaúrslita eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum. Í nefndinni komu einnig fram hugmyndir um aðra tölu bundinna sæta.

Kjörseðlar

Kjörseðla skal fullgera þannig: Prenta skal framboðslistana hver við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra. Fyrir framan bókstaf hvers lista skal vera ferningur. Niður undan bókstafnum skulu vera nöfn þeirra frambjóðenda listans sem í framboði eru í kjördæminu í slembinni stafrófsröð, eða þeirri röð sem framboðið óskar, ásamt stöðu eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Fyrir framan nafn hvers frambjóðanda skal vera ferningur.

Þar fyrir neðan skal tilgreina landslista hvers framboðs með sama hætti. Hjá nafni hvers þingmanns skal tilgreina það kjördæmi sem hann býður sig fram í.

Athöfn kjósanda

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann markar með ritblýi kross í ferning fyrir framan nöfn þeirra frambjóðenda sem hann vill greiða atkvæði sitt hvar á lista sem þeir eru. Kjósandi getur einnig greitt landslista, eða kjördæmislista atkvæði sitt og telst hann þá vera að kjósa alla frambjóðendur á viðkomandi lista.

Í stað merkingar með krossi rúmast það einnig innan þeirra stjórnarskrárakvæða, sem gerð er tillaga um, að merkja í forgangsröð, þ.e. með raðtölum. Eins og fram kemur síðar getur uppgjör á röðuninni verið með tvennum hætti, með svonefndri forgangsröðunaraðferð (STV) eða stigagjöf (Borda). Þrátt fyrir að einstökum frambjóðendum sé raðað með raðtölum má velja lista með krossi og útfæra það hvort sem er að þeim hætti að ekki sé verið að taka afstöðu til röðunar á listanum eða ljá stuðningi við þá röðun sem fyrir kann að liggja.


Uppgjör atkvæða

Atkvæðavægi hvers kross er fengið með því að deila 1 með fjölda þeirra krossa sem kjósandi hefur nýtt sér, námundað að [þriðja] aukastaf. Atkvæðatala frambjóðenda er summa atkvæðavægis þeirra krossa sem hann hefur fengið.

Heildaratkvæðatala stjórnmalasamtaka er summa af atkvæðatölum þeirra frambjóðenda sem bjóða fram undir merkjum þess.

Kjördæmaatkvæðatala framboðs er summa af atkvæðatölum frambjóðenda framboðsins í kjördæminu, hvort sem um er að ræða atkvæði greidd frambjóðendum af kjósendum innan eða utan kjördæmisins.

Séu notaðar raðtölur til að velja frambjóðendur þannig að hver þeirra tákni ákveðin stig má fara mjög líkt að og reikna listum atkvæðatölu. Þetta er þó ekki unnt að gera með forgangsröðunaraðferð (STV). Á hinn bóginn má



segja að það sé óþarft þar sem sú aðferð er í eðli sínu hlutfallsleg þannig að listar og flokkar fá næsta rétta tölu þingsæta miðað við heildarfylgi frambjóðenda þeirra.

Úthlutun þingsæta

Úthlutun, þegar beitt er krossamerkingum einvörðungu, færi þannig fram:

1. mgr. Þegar úthluta skal bundnum sætum hvers kjördæmis skal útbúa töflu þar sem kjördæmaatkvæðatölu allra samtaka skal deilt með 1,2,3... Þessi tafla kallast kjördæmistafla.

2. mgr. Finna skal hvaða stjórn málasamtök hafa hæstu tölu í kjördæmistöflu. Úthluta skal þingsæti til þess frambjóðanda umræddra stjórn málasamtaka sem flest atkvæði hefur, sé hann að finna. Að því loknu skal strika yfir umræddan reit í kjördæmistöflunni. Þetta skal endurtekið uns öllum bundnum sætum kjördæmisins hefur verið úthlutað. Athuga þó 5. mgr.

3. mgr. Þegar úthluta skal öðrum þingsætum skal útbúa töflu þar sem heildaratkvæðatala allra samtaka á landsvísu skal deilt með 1,2,3... Þessi tafla kallast landstafla. Hafi framboð fengið úthlutað x bundnum sætum í kjördæmum alls skal afmá efstu x tölurnar í töflunni.

4. mgr. Finna skal hvaða stjórn málasamtök hafa nú hæstu tölu í landstöflu. Úthluta skal þingsæti til þess frambjóðanda umræddra stjórn málasamtaka sem flest atkvæði hefur, sé hann að finna. Að því loknu skal strika yfir umræddan reit í landstöflu. Athuga þó 5. mgr.

5. mgr. Hafi framboðið farið þess á leit við kjörstjórn hlutur karla og kvenna í hópi kjörinna þingmanna þess verði sem jafnastur skal, á öllum stigum, jafnt þegar úthluta skal bundnum sætum hvers kjördæmis, sem og öðrum þingsætum úthluta í samræmi við þá ósk.

6. mgr. Endurtaka skal 4. mgr. uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.

Sé notuð stigagjafa aðferð verður aðferðafræðin mjög svipuð.

Sé beitt forgangsröðunaraðferð (STV) breytist aðferðafræðin allnokkuð og skal þá vísað til almennra ákvæða um þá aðferð, sbr. t.d. kosninguna til stjórnlagabings í nóvember 2010. Atkvæði greidd lokuðum, röðuðum listum má útfæra þannig í STV-aðferðinni að sá sem telst efstur á listanum telst valinn að 1. vali, sá sem er í öðru sæti telst valinn að öðru vali o.s.frv. Hliðstætt mætti gera ef stigagjafaraðferð er beitt.

Ef atkvæði er greitt öröðuðum lista án afstöðu til vals á frambjóðendum er eðlilegast að fara þannig að í forgangsröðunaraðferð: Þegar kemur að því að enginn frambjóðandi á lista nær sætishlut (kvóta) skal horft til þeirra atkvæða sem greidd voru listanum einum (hvort sem hann er opinn eða lokaður) og skulu þau atkvæði færð þeim frambjóðanda listans sem nú hefur flest atkvæði, en þó ekki fleiri en svo að hann nái fullum sætishlut. Atkvæði sem þannig eru tilkomin skulu aldrei færð til frambjóðenda utan listans, heldur skilað aftur í sarp listaakvæðanna.

Fyrst skal úthlutað bundnum sætum. Skal þá horft fram hjá þeim frambjóðendum sem einungis eru á landslistum svo og þeim frambjóðendum í kjördæmum þar sem bundnum sætum hefur þegar verið úthlutað.

Síðan skal úthlutað með þeim almenna hætti sem felst í forgangsröðunaraðferðinni (STV).